

149. fundur skólanefndar Menntaskólans á Egilsstöðum
haldinn 19. mars 2020 kl 17:00. Fundurinn er haldinn á Teams vegna aðstæðna í
samféluginu tengdum Covid 19

Mættir voru skólanefndarmennirnir: Skúli Björn Gunnarsson formaður, Anna Björk Guðjónsdóttir, Halldór Warén, Sigrún Birna Björnsdóttir og Stefán Bogi Sveinsson. Mættir voru áheyrnarfulltrúarnir: Þórunn F. Víðisdóttir f.h. kennara, Bergrún Arna Þorsteinsdóttir f.h. foreldra og Signý Eir Guðmundsdóttir f.h. nemenda. Fundinn sátu einnig Árni Ólason skólameistari og Jóney Jónsdóttir sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. Fundargerð 148. fundar bíður undirskriftar.
2. Gangurinn í starfinu í ljósi skólalokunar.
3. Jafnlaunavottun
4. Starfsmannamál
5. Ársskýrsla ME fyrir árið 2019
6. Önnur mál.

Skúli Björn formaður setti fund kl. 17:00. Gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð 148. fundar

Fundargerð 148. fundar mun bíða undirritunar.

2. Gangurinn í starfinu í ljósi skólalokunar

Skólameistari sagði frá starfinu og starfsháttum eftir skólalokun þann 15. mars. Jákvætt er að nemendur hafa lokið námi fyrri spannar. Kennrar nota Teams og Canvas til að „hitta” nemendur. Fylgt er stundaskrá og dagskólanemendur hitta kennara sína í tímum að lágmarki 3 sinnum í viku. Tekin er mæting í þessa tíma. Mætingin og virkni á kennsluvefnum segja til um virkni nemenda. Annars móta kennrarar og nemendur þetta saman eftir áföngum og hópum. Erfiðast er að veita nemendum á starfsbraut nám og í verk- og listnámi. En starfsmenn hafa fundið góðar lausnir. Margir kennrarar vinna störfin heiman frá. Það munu verða fleiri þegar veiran herjar á hér fyrir austan. Spönnin á að ganga alveg upp námslega séð. Nemendabjónustan hefur lagt sig eftir að finna lausnir fyrir nemendur sem eru í brottfallshættu. Mikið happaspor var að hafa tekið Canvas inn í haust. Fundarmenn hrósa starfsmönnum skólans fyrir skjót viðbrögð og góðar lausnir.



3. Jafnlaunavottun

Skólameistari sagði frá því að skólinn hafi farið í gegnum vottunarferli með jafnlaunastefnu sína og fékk jafnlaunavottun í byrjun mars. Hann starfrækir jafnlaunakerfi samkvæmt tilsettum kröfum og leiðbeiningum. Jafnréttisstefna sem hefur farið fyrir starfsmannafund var einnig tekin fyrir undir þessum dagskrálið og samþykkt.

4. Starfsmannamál vorsins

Arnar Sigbjörnsson, Hlynur Ármannsson og Margaret Johnson eru í ársleyfi, þau þurfa að svara fyrir 1. maí hvort þau snúi til baka.

5. Árskýrsla ME fyrir 2019

Árskýrsla ME var lögð fram til kynningar. Skólameistari fór yfir nokkur atriði úr skýrslu skólans fyrir síðasta ár. Fjarnemendum fjölgar og dagskólanemendum fækkar. Hann sagði frá þróunarverkefnum skólaársins og að ný heimasíða verður keypt og sett upp fyrir næsta skólaár. Hann kynnti einnig uppfærða umbótaáætlun skólans.

6. Önnur mál.


- a. Skólameistari fór yfir skóladagatal fyrir næsta vetur og var það samþykkt af skólanefnd.
- b. Signý Eir sagði frá félagsstarfinu. Leiksýningar tókust vel. Ball var haldið föstudagskvöldið 13. mars og fór það vel fram. Nemendafélagið mun nota tímann í samkomubanninu og selja peysur.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:45.

Skúli Björn Gunnarsson



Anna Björk Guðjónsdóttir



Halldór Warén



Sigrún Birna Björnsdóttir

Stefán Bogi Sveinsson